LISTIR

Erlendir gestir kaupa íslensk verk

Svo virðist sem sýning Ólafs Elíassonar í Listasafni Reykjavíkur, muni hafa talsverð áhrif á gengi fleiri íslenskra myndlistarmanna. Fjölmargir erlendir gestir komu til landsins til að vera við opnun sýningar hans sem opnuð var um helgina, og notuðu tímann hér á landi til að kynna sér aðra íslenska myndlist. Listasafn Reykjavíkur skipulagði dagskrá á laugardag, þar sem meðal annars var farið með erlenda gesti í heimsóknir á vinnustofur myndlistarmanna, í gallerí og á handverkssýningu í Norræna húsinu.

Eiríkur Þorláksson forstöðumaður Listasafnsins segir að erlendu gestirnir hafi verið mjög ánægðir með það sem þeir sáu af íslenskri myndlist, en eftir eigi að koma í ljós hverju heimsóknin skili þegar til lengri tíma er litið. „Þetta var fyrst og fremst fjölmiðlafólk sem fór í þessa ferð, en einnig galleristar, safnarar og fleiri. Þessi kynning var skipulögð með það fyrir augum að þetta fólk gerði sér grein fyrir því að hér væru til fleiri frambærilegir listamenn. Við fórum meðal annars á vinnustofur þeirra listamanna sem sýnt hafa á Feneyjatvíæringnum síðustu árin. Ég veit ekki hvort þessar



Eiríkur Þorláksson



Edda Jónsdóttir

heimsóknir hafa skilað einhverju í sölu, – það má vera, en áhugi erlendu gestanna var mikill.“

Galleríið fylltist af fólki

Edda Jónsdóttir galleristi í i8 og umboðsmaður Ólafs hér á landi segir að um helgina hafi gallerí hennar fyllst af áhugaverðu fólki, sem komið var til að skoða íslenska myndlist.

„Þetta var fólk sem kaupir myndlist, blaðamenn, galleristar hans frá Berlín og New York safnarar og mikið af efnafólki úr viðskiptaheiminum. Í þessum hópi var líka hópur vina forsetafrúarinnar Dorritar Moussaieff, og fólk sem hélt honum veislu þegar sýningin hans í Tate-gallerii var opnuð í London í haust. Meðal þeirra voru arkitektinn frægi Lord Foster ásamt Lady Foster; en hann hefur töluverðan áhuga á að minnsta kosti tveimur af mínum listamönnum, Kristjáni Guðmundssyni og Rögnu Róbertsdóttur, sem hann ákvað að kaupa stórt verk af í hús sitt í St. Moritz. Þar eru spennandi áform uppi, sem gætu gert heilmikið fyrir list hennar og kannski fleiri. Megnið af þessu fólki keypti bæði verk eftir Ólaf Elíasson og nokkra aðra listamenn gallerísins. Ég seldi til dæmis stórt verk eftir Gjörningaklúbbinn til Francescu von Habsburg Thyssen Bornemisza Art Contemporay ásamt fleiri verkum eftir aðra. Möguleikar á að við fáum styrktaraðila til að styrkja okkur til farar á Listamessuna í Basel, þar sem ég mun kynna Gjörningaklúbbinn, hafa aukist við það eitt að nú eru þær komnar inn á þetta mjög svo áhugaverða safn.“

Edda segir að gestunum hafi litist mjög vel á galleríið og að margir gestanna hafi sýnt áhuga á samstarfi við i8 og að ýmsir möguleikar hafi verið ræddir í því sambandi. Ekkert af þessu fólki hefði komið til Íslands, ef ekki hefði verið fyrir sýningu Ólafs.

„Allt þetta fólk ætlar að koma aftur. Fyrir það var þetta mikið ævintýri. Það náði því að komast aðeins út á land og kynnast veðrum og stórhríð eins og var hér um helgina. Nú er fólkið búið að koma einu sinni, og búið að koma sér í kynni við staðinn, og það hefur góð áhrif fyrir framtíðina. Það er líka spennandi að fá hingað þetta stórríka fólk, sem aldrei kemur hingað, nema kannski til að veiða. Það var líka mjög skemmtilegt hvað fólk úr íslenska viðskiptaheiminum, listamenn og erlendir safnarar blönduðust vel saman í Reykjavík þessa helgi.“

Edda segir að margt þetta fólk sé í hópi vina Ólafs, og það megi þakka honum fyrir að hafa fengið það til að koma.

„Áhrifin sem Ólafur Elíasson hefur á þetta fólk hafa þegar haft geysileg áhrif á áhuga þess á Íslandi og íslenskri myndlist, sem mjög líklega heldur áfram. Vonandi verður hægt að koma á fleiri tengslum til framtíðar.“

Hulda Björk og Ólafur Kjartan á hádegistónleikum

Af nógu að taka hjá Gershwin-bræðrum

HÁDEGISTÓNLEIKARÖÐ Íslensku óperunnar á vormisseri 2004 hefur göngu sína í dag kl. 12:15. Að vanda verða alls fernir tónleikar í röðinni og að þessu sinni hefur Hulda Björk Garðarsdóttir sópransöngkona umsjón með tónleikaröðinni, en Hulda Björk er einn af fimm fastráðnum söngvurum við Íslensku óperuna. Píanóleikari á öllum hádegistónleikunum verður Kurt Kopecky, tónlistarstjóri Íslensku óperunnar, og munu þau Hulda Björk og Kurt fá ýmsa söngvara til liðs við sig.

Yfirskrift tónleikanna í dag er Bla, bla, bla og vísar hún, að sögn Huldu Bjarkar, í samnefnt lag eftir þá George og Ira Gershwin, en á tónleikunum munu Hulda Björk og Kurt, ásamt Ólafi Kjartani Sigurðarsyni barítonsöngvara, flytja brot af því besta úr smiðju Gershwin-bræðra. Ástæða þess að Gershwin-lög urðu fyrir valinu segir Hulda Björk að upphaflega hafi einfaldlega staðið til að vera með fyrstu tónleikana helgaða söngleikjatónlist. „Þegar ég var hins vegar búin að punkta hjá mér hvaða lög mig langaði helst til að syngja áttaði ég mig á því að þau voru mestmegnis öll eftir Gershwin og þá ákvað ég að einskorða mig bara við þá bræður.“

Hulda Björk segist ekki hafa átt í neinum vandræðum með að fylla fjörutíu mínútna dagskrá með Gershwin-lögum, „því þegar kemur að þeim bræðrum þá er af nógu taka. Ég valdi að vera bæði með mjög þekkt lög sem flestir ættu að kannast við, eins og *Summertime* og *Bess, You Is My Woman Now* úr óperunni *Porgy og Bess*, en einnig minna þekkt lög á borð við *Do, do, do* úr söngleiknum *Oh, Kay!* og fyrrnefnt *Bla, bla, bla*“.

Á öðrum hádegistónleikunum, sem haldnir verða 9. mars, má segja að andi íslenskrar revíutónlistar svífi yfir vötnum, en tónleikarnir nefnast Þegar amma var ung. Hinn 30. mars er komið að tónleikunum Buxnameyjar og blómasendlar, þar sem flutt verða valin atriði úr Rósariddaranum eftir Richard Strauss. Síðustu hádegistónleikarnir í þessari röð verða haldnir 20. apríl og nefnast Vínarkvöld í hádeginu.

Sýna stuðning sinn í verki

Hádegistónleikarnir eru haldnir í samstarfi við MasterCard og var af því tilefni undirritaður samstarfssamningur í Íslensku óperunni í gær. Samningurinn felur m.a. í sér kynningu á MasterCard í tengslum við tónleikaröðina og 20% afslátt á hádegistónleikana fyrir MasterCard-korthafa. „Við höfum verið styrktaraðili Íslensku óperunnar sl. fimm ár og viljum gjarnan halda því áfram,“ segir Ragnar Önundarson, framkvæmdastjóri MasterCard, spurður um samninginn. „Fyrirtæki eins og MasterCard þarf að huga að mörgum þáttum í þjóðlífinu. Við þjónustum hátt í 70 þúsund korthafa, sem hafa auðvitað mörg og margvíslega áhugamál. Partur af því að stunda markaðsmál með fjölbreyttum hætti er að bjóða korthöfum okkar upp á ýmis fríðindi og með þessum samningi gefst okkur kostur á að bjóða þeim hagstæð kjör í Óperuna,“ segir Ragnar.

„MasterCard er eitt af traustustu samstarfsfyrirtækjum okkar og hefur lengi verið í samstarfi við okkur. Þetta er einn af mörgum samningum sem við gerum við hin ýmsu fyrirtæki atvinnulífsins. Í áranna rás hefur verið gert ráð fyrir að u.þ.b. 10% af rekstrartekjum Óperunnar kæmu frá atvinnulífinu. Fyrstu árin var meira um beina styrki, en á síðustu árum hefur það færst í vöxt að gerðir séu kostunarsamningar á borð við þennan. Að mínu mati er það geysilega mikilvægt fyrir menningarstofnanir á borð við Íslensku óperuna að fyrirtæki eins og MasterCard skuli taka ganga fram fyrir skjöldu og sýna stuðning sinn við menningu í verki,“ segir Bjarni Daníelsson óperustjóri aðspurður um samninginn.



Morgunblaðið/Ásdís

Bjarni Daníelsson óperustjóri og Ragnar Önundarson, framkvæmdastjóri MasterCard, skrifa undir samstarfssamning í Íslensku óperunni.



Ólafur Kjartan Sigurðarson barítonsöngvari og Hulda Björk Garðarsdóttir sópransöngkona flytja Gershwin-lög ásamt Kurt Kopecky píanóleikara.

Sjaldheyrð hljóðfærasamsetning

RÚNAR Óskarsson klarínettuleikari, Þórunn Ósk Marinósdóttir víóluleikari og Árni Heimir Ingólfsson píanóleikari flytja verk eftir Mozart, Max Bruch, Robert Schumann og Alfred Uhl á Tíbrártónleikum í Salnum í kvöld.

Aðspurður um verkefnavalið segir Árni Heimir Ingólfsson það stýrast að nokkru leyti af því hvað sé til af verkum fyrir þeirra hljóðfærasamsetningu, því almennt sé ekki samið mikið fyrir klarínettu, víólu og píanó. „Raunar varð Mozart fyrstur til að semja fyrir þessa hljóðfærasamsetningu, en verk hans *Kegelstatt* er eina tríó sinnar gerðar í verkasafni hans. Af rómantískum verkum er eiginlega bara um *8 stykki* eftir Max Bruch og *Märchenerzählungen* eftir Robert Schumann að ræða,“ segir Árni Heimir. Hvað *Kleines Konzert* eftir Alfred Uhl varðar segir Árni Heimir að hópinn hafi langað að flytja eitt mjög lítið þekkt verk eftir tónskáld sem aðeins sárafáir þekki.

Spurður hvers vegna ekki sé samið meira fyrir þessa hljóðfærasamsetningu segist Árni Heimir í raun ekki almennilega átta sig á því hvað veldur. „Því þessi hljóðfærasamsetning virkar mjög vel, ekki síst þar sem víólan og klarínettan spanni að miklu leyti sama raddsvið. Í áranna rás hafa tónskáld hins vegar fremur notast við fiðlu eða selló í stað víólu í tríóum með klarínettu og píanói.“

Að sögn Árna Heimis er verkið *Märchenerzählungen* í nokkru uppáhaldi hjá hópnum. „Þegar við byrjuðum að æfa það áttum við í svolítlu basli með verkið sökum þess hve sérkennilegt það er og ólíkt mörgu af því sem Schumann hefur samið. Verkið nær á köflum stórkostlegu flugi, en öðru hverju er engu líkara en að tónskáldið hreinlega tapi þræðinum. En eftir því sem við spiluðum það meira þótti okkur það hins vegar sífellt skemmtilegra.“ Hann segir tónleika kvöldsins hafa verið í undirbúningi síðan í fyrra sumar. „Þetta er nefnilega í fyrsta sinn sem við þrjú spilum saman, en þegar maður fer að spila með nýju fólki þá tekur alltaf smá tíma að læra inn á hvert annað.“



Morgunblaðið/Sverrir

Rúnar Óskarsson, Árni Heimir Ingólfsson og Þórunn Ósk Marinósdóttir leika á Tíbrártónleikum í Salnum í Kópavogi í kvöld kl. 20.

Pallborðsumræður um leikrit

Hafnarfjarðarleikhúsið Hermóður og Háðvör og námskeiðið – Að njóta leiklistar (á vegum Félags háskólakvenna) halda pallborðsumræður um leikritið Meistarinn og Margaríta eftir Mikaíl Bulgakov í Hafnarfjarðarleikhúsinu kl. 20 í kvöld.

Fjallað verður um bókina og hvernig bók verður að leikriti. Við pallborðið sitja Hilmar Jónsson leikstjóri og höfundur leikgerðar, Hávar Sigurjónsson leikskáld og leikhúsfræðingur, Ingibjörg Haraldsdóttir rithöfundur og þýðandi verksins.